

# Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

## Um bikarmót

1. Halda skal tvö (2) bikarmót unglunga 12-13 ára, auk Unglingameistaramóts. Halda skal þrjú (3) bikarmót unglunga 14-15 ára, auk Unglingameistaramóts. Halda skal fjögur (4) bikarmót fullorðinna í svigi og stórsvigi auk Skíðamóts Íslands. Leitast skal við að halda bikarmótin hjá 16 ára og eldri á þremur keppnishelgum. Niðurröðun móta er á hendi mótanefnda SKÍ.
2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur mótanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
4. Mæti aðeins eitt lið til leiks á keppnisdegi auk heimahéraðs í viðkomandi grein skal fresta henni/þeim til næsta dags og halda hana/þær þá, enda þótt fleiri héruð mæti ekki til leiks. Mótsstjórn er þó heimilt að nota þriðja daginn til að ljúka mótinu, ef ekki næst að halda það allt á öðrum degi.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar millihéraðamóta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.

7. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
8. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í alpagreinum. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

## Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
2. Stigagjöf er þannig:

<b>1.sæti</b>	100 stig	<b>11.sæti</b>	24 stig	<b>21.sæti</b>	10 stig
<b>2.sæti</b>	80 stig	<b>12.sæti</b>	22 stig	<b>22.sæti</b>	9 stig
<b>3.sæti</b>	60 stig	<b>13.sæti</b>	20 stig	<b>23.sæti</b>	8 stig
<b>4.sæti</b>	50 stig	<b>14.sæti</b>	18 stig	<b>24.sæti</b>	7 stig
<b>5.sæti</b>	45 stig	<b>15.sæti</b>	16 stig	<b>25.sæti</b>	6 stig
<b>6.sæti</b>	40 stig	<b>16.sæti</b>	15 stig	<b>26.sæti</b>	5 stig
<b>7.sæti</b>	36 stig	<b>17.sæti</b>	14 stig	<b>27.sæti</b>	4 stig
<b>8.sæti</b>	32 stig	<b>18.sæti</b>	13 stig	<b>28.sæti</b>	3 stig
<b>9.sæti</b>	29 stig	<b>19.sæti</b>	12 stig	<b>29.sæti</b>	2 stig
<b>10.sæti</b>	26 stig	<b>20.sæti</b>	11 stig	<b>30.sæti</b>	1 stig



3. Ef einstaklingar á meðal 6 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjár efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Samþykkt á Skíðapingi, 9.maí 2015.